

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **05.01.2023**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck, Albert Ólafsson og Oliver Ormar Ingvarsson. Haraldur Gústafsson boðaði forföll óvænt eftir að fundur hófst. Valgerði Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Oliver Ormar Ingvarsson**

Fundur settur kl. **21:00**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 21.11.2022, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. **Fundargerð samþykkt**

1.1.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Ráðning starfsmanna í afreksstarf (hæfileikamótun) – Lokið

2.2. Breytingar á reglugerðum sem samþykktar voru á síðasta fundi og birtar á vefsíðu BFSÍ – Lokið

2.3. Hækkun starfshlutfalls Íþróttastjóra í 100% - Lokið

2.4. Endurnýjun samnings við Móta- og fræðslustjóra – Lokið

2.5. Breytingar á stjórn hjá RSK, ÍSÍ og WA – RSK Ólokið, ÍSÍ og WA Lokið

2.6. Umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ – Lokið

3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Ekkert.

4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum á stjórnarfundum 22.12.2021)

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. **Formaður fer stutt yfir allar tillögur sem liggja fyrir.**

4.2. **Opnað fyrir umræður um tillögu:**

4.3. **Enginn kveður sér máls.**

4.4. **Samþykkt einróma.**

4.5. **Starfsmönnum falið að ljúka samþykktum (s.s. birta reglugerðir)**

5. Tillaga um breytingar á reglugerð um Íslensk mót:

Um er að ræða algera endurskrift á reglugerðinni frá grunni í lagalegra formi. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerðinni til þess að koma henni í nýja formið, flestar þeirra eru ekki efnislegar en margar nýjar viðbætur eru á reglugerðinni á atriðum sem stjórn og starfsmenn BFSÍ voru þegar að starfa eftir en er nú búið að færa formlega í reglur BFSÍ. Einnig var mikið reglur sem stjórn BFSÍ hafði samþykkt á stjórnarfundum var ekki búið að færa í reglugerðina eða voru skráðar í Íslandsmetaskrá, en hafa nú einnig verið færðar í reglugerð um Íslensk mót.

Helstu breytingar eru m.a.: Viðbót Víðavangsbogfimi Íslandsmeistaramóts, betri skilgreiningu á félagsliðakeppni, ákvörðunum sem stjórn BFSÍ hafði tekið á fyrri stjórnarfundum en var ekki búið að færa í reglugerðina og reglum um Bikarmótaröð BFSÍ bætt við. Þessar breytingar á reglugerðinni eru í raun engin eða lítil breyting frá því hvernig starfið hefur verið framkvæmt hingað til. En er gott að færa formlega í regluverk til skýringa, upp á gagnsæi og til að auðvelt sé að fletta upp gildandi reglum.

Stór breyting er að fjarlægðum fyrir U18 flokk sveigboga utandyra voru einnig færð frá 60 metrum til 50 metra og fyrir U18 flokk trissuboga utandyra frá 50 metrum í 40 metra. Þetta er gert til þess að jafnari hækkun erfiðleikastigs sé í ungmenna flokkum á milli aldursflokka utandyra. Innandyra var þegar búið að setja slíkt upp með breytingu á skotskífu stærð fyrir U18 flokk úr 40cm skífu í 60cm skífu sem sagt U16 á 12m á 60cm, U18 18m á 60cm og U21 18m á 40cm, sem sagt stig hækkandi erfiðleika stig eftir aldri, í stað þess að fylgja WA reglum þar sem U16 fór þá af 12m á 60cm yfir á 18m á 40cm, sem er óþægilega hátt hopp í erfiðleikastigi. Því eru 4 af 6 U18 flokkum sem keppa á Íslandsmótum þegar á öðrum fjarlægðum og skífustærðum en WA reglur segja til um. M.a. þar sem ekki er keppt alþjóðlega í U18 flokki innandyra og þar sem Norðurlandasambandið fer ekki eftir WA t.d. í berboga U18 karla utandyra á NM Ungmenna. Breytingin núna ættu að vera sérstaklega jákvæð fyrir iðkendur á lægra stigi sem stunda íþróttina til gamans meira en afreka og auðveldara verður að halda fleiri ungmennum í íþróttinni með jákvæðari tilfinningar gagnvart sinni frammistöðu. Sem dæmi er þá nú trissubogi utandyra eru á U16 á 30 metrum, U18 á 40 metrum og U21 á 50 metrum (semsagt 30,40,50 í stað 30,50,50 áður. o.s.frv.)

Stærsta breytingin sem lögð er til er hins vegar án vafa viðbót unisex (kynlaus flokks) á öllum mótum BFSÍ, einnig sem formlegs flokks á Íslandsmeistaramótum og því fylgir viðbót formlegs Íslandsmeistaratitils í kynlausum flokki (unisex, keppni óháð kyni) í öllum aldursflokkum og keppnisgreinum. Einnig er vert að nefna að í Bikarmótaröð BFSÍ sem var formlega sett á laggirnar á árinu 2022 er aðeins keppt í kynlausum flokki og var bætt inn í reglugerðina.

Í unisex eða kynlausum flokki mega allir keppa óháð kynskráningu í þjóðskrá og svarar því einfaldlega spurningunni „hver er bestur á Íslandi í hverri keppnisgrein“.

Við stofnun BFSÍ í desember 2019 var ekkert í reglugerðum sem meinaði þátttöku trans einstaklinga eftir sinni kynvitund, svo lengi sem hún passaði við skráningu þeirra í þjóðskrá. Reglugerðinni var breytt 2020 til skýra reglugerðina um að engum væri heimilt að meina þátttöku í bogfimimótum á Íslandi byggt á skráningu kyns hjá þjóðskrá og þá var einnig bætt við að þeir sem væru skráðir annað en karla og konur kepptu í karla flokki. Fyrsti trans einstaklingur keppti á Íslandsmeistaramóti eftir sinni kynvitund 2020 og fyrsti í landsliðsverkefni var árið 2022.

Með því var tryggt að allir gætu tekið þátt í mótum óháð skráningu í Þjóðskrá. En það var þó aðeins tímabundin lausn svo að tími gæfist til þess að vinna að og skapa lausn svo að þeir sem skráðir væru annað en karlar eða konur í Þjóðskrá þyrftu ekki að keppa í kyni sem samræmdist mögulega ekki þeirra kynvitund.

Árið 2022 eftir að Covid áhrif minnkuðu hafði sú lausn verið sköpuð og prufu keyrsla gerð á keppni í kynlausum flokki á öllum Íslandsmótum BFSÍ til tilrauna og undirbúnings fyrir formlegri viðbót kynlaus flokks í regluverk BFSÍ árið 2023 ef vel heppnaðist. Fyrir hreina tilviljun byrjaði fyrsti kynsegin einstaklingurinn að stunda íþróttina á sama ári og keppti á Íslandsmeistaramóti 2022 í kynlausum flokki. Um 9% kynsegin/annað iðkenda í íþróttahreyfingunni í tölfræði ÍSÍ eru nú skráðir iðkendur í bogfimi.

Keppni í kynlausum flokki (unisex, keppni óháð kyni) leysir mál margra jaðarsettra hópa s.s.:

*Keppni milli kvenna og karla.

*Þeim sem eru hlutlaus kynskráningu hjá Þjóðskrá gefst nú færi á því að vinna Íslandsmeistaratitla án þess að þurfa að keppa í karla flokki.

*Þeim sem eru að efast sitt kyn geta keppt aðeins í kynlausum flokki án þess að þurfa að skrá sig í karla eða kvenna flokk á meðan þeir finna út úr sinni kynvitund.

*Trans einstaklingar sem hafa komið út úr skápnum en hafa ekki lokið breytingu kyn skráningar í Þjóðskrá geta keppt aðeins í kynlausum flokki án þess að þurfa að skrá sig í það kyn sem passar ekki þeirra kynvitund þar til breytingin gengur í gegn.

*Kynsegin/annað einstaklingar sem iðka bogfimi sem rætt var við á meðan prufukeyrslan var í gangi 2022 voru spenntari fyrir viðbót kynlaus titils frekar en kynsegin/annað titils. Þar sem fáir kynsegin/annað eru á Íslandi sem stendur og að það væri skemmtilegra að hafa einhvern til þess að keppa við. Einnig þar sem sumir þeirra upplifa sig sem ekkert kyn var þetta talin besta lausnin.

Nú er tilrauna ferli lokið og því formleg viðbót kynlaus flokks bætt við í regluverkið og lagt nú fyrir stjórn BFSÍ til samþykktar ásamt öðrum breytingum reglugerðarinnar.

(fylgir fundarboði)

5.1. **Samþykkt einróma í samræmi við lið 4**

6. **Tillaga um breytingar á reglugerð um Íslandsmet:**

Um er að ræða algera endurskrift á reglugerðinni frá grunni í lagalegra formi. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerðinni til þess að koma henni í nýja formið, en fáar þeirra breytingar eru efnislegar og að mestu leiti umorðun og tilfærslur, til þess að gera reglugerðina skýrari og gera auðveldara að breyta stökum greinum reglugerðarinnar í framtíðinni. Nokkuð er um mikið breytt orðalag í reglugerðinni til þess að passa við breytingar á reglugerð um Íslensk mót.

Stærst efnilega breytingin á reglugerðinni er að nú eru veitt einstaklings Íslandsmet fyrir þrjár kynjaskráningar hjá Þjóðskrá, konur, karla og kynsegin/annað (einstaklingar með hlutalaus kyn skráningu í Þjóðskrá). Sú breyting var gerð í samfloti við breytingar á reglugerð um Íslensk mót og formlegar viðbótar Íslandsmeistaratitils í kynlausum flokki (unisex) sem allir Íslendingar óháð kyni geta keppt um.

Þessi breyting eru einnig í anda landslaga um kynrænt sjálfræði.
(fylgir fundarboði)

6.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

7. Önnur mál. (Önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála og ýmissa verkefna stjórnar)

7.1. Undirbúningur fyrir Bogfimiþing 2023

7.1.1.Áætlaður staður og dagsetning – 11 mars í Íþróttamiðstöðin Laugardal, búið að bóka hjá Cafe Easy en tími og salur ekki staðfestur en sem komið er.

7.1.2.Ársskýrsla 2022 – Drög í vinnslu um 97% lokið

7.1.3.Ársreikningur 2022 – Í vinnslu

7.1.4.Fjárhagsáætlun til 2 ára – Í vinnslu

7.1.5.Endurskoðun á lögum BFSÍ – Í vinnslu, drög eru hjá laganefnd ÍSÍ í mati sem stendur.

7.1.6.Afreksstefna breytingar til samþykktar – Í vinnslu, lesin yfir af afreksfólki úr öllum keppnisgreinum og drög eru hjá Afreks- og Ólympíusviði í yfirllestri/mati sem stendur.

7.1.7.Aðgerðaáætlun Afreksstarfs – Lokið. Óbreytt, verður kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)

7.1.8.Heildarstefna – Lokið. Óbreytt, verður kynnt á þingi (það þarf að vinna að nýrri/uppfærðri áætlun fyrir þing 2025)

7.1.9.Þingforseti – Valdimar Leó Friðriksson.

7.1.10. Þingritari – Í vinnslu

7.2. Íþróttastjóri fjallar stutt um stöðu umsóknar í Afrekssjóð ÍSÍ

7.3. Gjaldkeri fjallar stutt um stöðu fjárhagsáætlunar og ársreikninga

7.4. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar

Fundi slitið kl. **21:32**